**Ed.** **404. Nefndarálit** [36. mál]

um frv. til laga um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað og rætt frv., en ekki orðið sammála.

Við undirritaðir teljum, að málið þurfi nánari athugunar í því skyni að tryggja bátaútveginum hagkvæmustu tryggingarskilmála, sem kostur er. Vísum við í því sambandi til nefndarálits okkar um frv. til l. um bátaábyrgðarfélög, sem er í tengslum við þetta frv., og leggjum með hliðstæðum rökstuðningi til, að einnig þessu frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 7. apríl 1967.

Helgi Bergs, frsm. Ólafur Jóhannesson.